



Frétt nr. 11/2024

21.11.2024

Leiðandi hagvísir Analytica – Vísbendingar togast á en hagvísir hækkar lítillega


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði lítillega í október annan mánuðinn í röð. Hækkunin er þó ekki metin marktæk enn sem komið er. Þróun einstakra undirþátta hefur verið að festa sig í sessi í þá veru að benda til minni vaxtar eða samdráttar. Lengd lækkunartímabilsins endurspeglar horfur á hægum vexti næstu mánuði. Þá benda nýlegar tölur Hagstofu Íslands um landsframleiðslu til þess að merki um minni vöxt sé að ganga eftir.

Fjórir af sex undirliðum hækka frá í september. Aukning aflamagns frá fyrri mánuði og hækkun væntingavísitölu Gallup hafa mest að segja á jákvæðu hliðinni en samdráttur debetkortaveltu að raungildi á þeirri neikvæðu. Umtalsverð óvissa er áfram tengd þróun alþjóðastjórn mála og í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendipunkta í efnahagsumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitöluinnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 2 má sjá þróun innlenda debetkortaveltu í verslun innanlands, árstíðaleiðrétta og jafnaða á föstu verði fyrir tímabilið 2007-2024. Um er að ræða einn af undirþáttum leiðandi hagvísisins en reynslan sýnir að hér er um fremur tímanlega vísbendingu að ræða. Vendingpunktar í debetkortaveltu hafa tilhneigingu til að birtast fyrr en í samsettum leiðandi hagvísi en með meiri óreglu.

Dökkblái ferillinn á mynd 2 sýnir frávik debetkortaveltu frá langtímaleitni en brúni ferillinn prósentubreytingu frá fyrra ári. Sjá má að skörp minnkun innlendar kortaveltu innanlands að raungildi gæti verið í rénun m.v. fyrra ár þó hið sama sé ekki uppi á teningnum þegar litið er til breytingar debetkortaveltu frá í september.

Mynd 2. Debetkortavelta – Frávik frá langtímaleitni og %breyting f.f.á.
Árstíðaleiðrétt og jöfnuð á föstu verði



Sömu ferlar og birtir eru á mynd 2 eru einnig sýndir á myndum V1 og V2 í viðauka en tilgangurinn með mynd 2 er að draga fram þá þróun sem þar birtist.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í október lækka fimm af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í september hækka hins vegar fjórir af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.¹

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

¹ Gildin á mynd V2 eru nú sýnd á sk. stöðluðu formi, þar sem stærðir eru stilltar á meðaltal=0 og staðalfrávik=1.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar lítillega í september og tekur gildið 98,4, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í apríl 2025. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2023-2024







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2023				
október	100.8	-0.4%	-1.6%	apríl 2024
nóvember	100.4	-0.5%	-1.9%	maí
desember	100.0	-0.4%	-2.3%	júní
2024				
janúar	99.7	-0.3%	-2.8%	júlí
febrúar	99.4	-0.3%	-3.2%	ágúst
mars	99.2	-0.2%	-3.5%	sept.
apríl	98.9	-0.2%	-3.4%	okt.
maí	98.7	-0.3%	-3.2%	nóv.
júní	98.4	-0.3%	-3.1%	des.
júlí	98.3	-0.2%	-3.1%	jan. 2025
ágúst	98.2	-0.1%	-3.1%	feb.
september	98.2	0.1%	-3.0%	mars
október	98.4	0.2%	-2.4%	apríl

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir nóvember er áætluð þann 19/12 2024.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 – Leiðandi hagvísir Analytica – einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Skýringar:


Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.
 Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.
 Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Mynd V2 – Leiðandi hagvísir Analytica – einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfiðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>